

Sandkorn

 Grunnskólinn Sandgerði
SKÓLASAFN

2001

Stjörnuspá
Nemendaviðtal
Kennaraviðtal
Nemendaskop
Viðtal við Spútnik
Brandrarar
Gátur
Þrautir
Framtíðarsýn
Myndir
Og margt fleira



Ritstjórapistill

Jæja ágætu nemendur þá er
LOKSINS komið að því að
Sandkorn er komið út eftir
smá hlé vegna
óviðráðanlegra vandamála.
En við í blaðanefnd höfum
unnið hörðum höndum
undanfarna viku við að gera
þetta að blaði og við viljum
þakka þeim FÁU sem sendu
efni í blaðið. Vonandi verður
ýkt gaman hjá ykkur í kvöld.



Svavar


Blaðanefnd

| | |
|------------|---------|
| Svavar | 10.bekk |
| Hjálmar | 10.bekk |
| Hafsteinn | 10.bekk |
| Halldór | 9.bekk |
| Sigurpáll | 9.bekk |
| Þórir | 9.bekk |
| María | 8.bekk |
| Kata | 8.bekk |
| Hildur | 7.bekk |
| Sigurbjörn | 7.bekk |

Hrafnhildur Umsjón

Sandkorn

Blað nemenda í
Grunnskóla Sandgerðis.
1. tbl 2001, fyrir árshátíð
grunnskólans 8. mars.
Blaðið var unnið frá
þriðjudagi 27.febr. til 8.
mars. Ef þið viljið koma
með einhverjar
ábendingar, hafið
samband við ritstjórann
(Svavar) í síma 699-7791.



Vinnsla og útflutningur
á ferskum sjávarafurðum

Er fiskur rándýr?

Svar: Já fiskur er rándýr. Óft er framboð mun minna en efterspurn og þa er bæskurinn rándýr í minkauþum og sólu. Fiskur er líkka rándýr í þeim skilningi að éta lifsemið dýr til að allra sér freðu, svoserm krabbaðyr, svirl, seiði og hrögn annarra fiska

VIÐ GERUM ÞAÐ SAMAN ... Í SKÝJABORG

Skýjaborg 2000-2001

Þetta byrjaði alls ekkert í Skýjaborg. Nei, þetta hófst á allt öðrum stað þar sem allt var miklu blautara og lætin ógurlega mikil. Fólk komst upp með að hlaupa um næstum nakið og enginn skipti sér af. Skrítið, hmmmm..., nei þetta var bara sundlaugarpártí. Starf Skýjaborgar veturinn 2000-2001 hófst í sundlauginni með tilheyrandi busli, svamli og skemmtilegheitum á föstudeginum 1. september.

Eftir að fólk hafði skolað af sér sumarrykið í sundlauginni tók við líflegt og skemmtilegt starf í Skýjaborg. Sem dæmi um það sem hefur verið að gerast má nefna Uppistandskvöld, Romshvalanesfestival, draugadiskótek, borðtennis- og billiardmót, Abbadiskó, Karaokekeppni Skýjaborgar, strákakvöld, para- og vinakvöld, náttfatadiskótek, stelpukvöld og öskudagsskemmtun. Ekki má gleyma þemakvöldunum í nóvember þar sem fjallað var um kynlíf og alnæmi.

Svo eru það ferðalögin. Nemandaráðið fór á landsmót í Reykjavík í október. Billiardhetjur Skýjaborgar tóku þátt í billardmóti SamSuð og í Vogunum tryggðu stelpurnar sér SamSuð-titilinn. Þær gerðu síðan enn betur um daginn með því að lenda í briðja sæti í Íslandsmótinu sem var haldið í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð. Í nóvember tók Skýjaborg þátt í því að sjá um Listasmiðju Samfés sem fór fram í Reykjanesbæ og að sjálfsögðu voru listrænir fulltrúar Sandgerðinga mættir þar. Í janúar var farið á Karaokekeppni SamSuð í Stapa og síðar á Söngkeppni Samfés í Laugardalshöllinni til að styðja við bakið á glæsilegum fulltrúum Skýjaborgar. Og nú í mars var fjölmennt á Samfésball í Hafnarfirði, geeeðveikt! (af hverju eru allir að tala um þessa menn í svörtu fötunum?).

Nú er komið að stærsta kvöldinu, því kvöldi sem allir hafa beðið eftir: árshátíðarkvöldinu.

Framhald á næstu síðu

Framhald af pistli Óla Þórs...

Til að halda uppi fjörinu er mætt á svæðið hljómsveitin Spútnik, þar sem Sandgerðingurinn Kiddi fer fremstur í fríðum flokki ásamt Evróvisjónstjörnunni Kristjáni (sem allir kvenkyns kennrarar í Sandgerði eru búnir að bíða spenntir eftir). Ef stemningin verður góð má eflaust heyra sungið í Samkomuhúsinu í Sandgerði: „BIRTA”.

En við í Skýjaborg slökum ekkert eftir árshátíð. Strax á mánudaginn verður grettukeppni og við eigum enn eftir að bralla ýmislegt áður en sumarið gengur í garð. En munið þó eitt, starfið í Skýjaborg er ekkert skemmtilegt nema unglingsarnir í Sandgerði taki þátt og séu virkir í starfinu. **Skýjaborg stendur og fellur með ykkur!**

Með árshátíðarkveðju,

Óli Þór, Anna Elín, Bergný, Binni, Eyþór, Fanney og Hildur



Öll almenn blikksmíði
loftræstikerfi
ruslatunnur og fleira
S: 423 7880
Strandgata 22

Viðtal við Berg

Nafn: **Bergur Þórðarson.**

Fæðingard/ár: 8.maí 1951.

Bíll: Mitsubishi Lancer.

Maki: Eydís Ólafsdóttir.

Börn: Elma, Nótt Thorberg og Eydís.

Uppáhalds matur: Þorramatur.

Uppáhalds drykkur: Vatn.

Uppáhalds nemandi: Allir, get ekki gert upp á milli.

Uppáhalds lag: You really got me.

Besta bíómynd: Underground.

Uppáhalds fag: Íslenska.

Besti vinur: Konan mín.

Fótboltalið: KR og Tottenham Hotspurs.

Draumastarf: Agastjóri í skólanum.

Mottó: Dagurinn í dag gæti orðið besti dagur lífs þíns ef þú notar hann rétt.

Viltu segja eitthvað að lokum: Ég þakka ykkur fyrir elskurnar mínar hvað þið eruð alltaf jafn góð.... Hvað þið leggið ykkur fram í náminu og að þóknast gömlum og þreyttum kennurum!

Viðtal við Önnu Pálu

Nafn: Anna Pálína Árnadóttir

Fæðingard/ár: 13. jan. 1964

Bíll: Renault

Maki: Karl Einar Óskarsson

Börn: Sveinbjörg Anna, Þórhallur og Árni Vigfús

Uppáhalds matur: Svínakjöt reykt

Uppáhalds drykkur: Kók

Uppáhalds nemandi: Allir

Uppáhalds lag: Eina ósk með Bjögga Halldórs

Besta bíómynd: Titanic

Uppáhalds fag: Stærðfræði

Besti vinur: Bylgja Baldursdóttir

Fótboltalið: Manchester United

Draumastarf: Skólaliði

Mottó: Að lifa lífinu lifandi

Viltu segja eitthvað að lokum: Elsku krakkar mírir viljiði hlýða mér!

Kosningar

Haldnar voru kosningar á vegum blaðanefndar og voru veitt verðlaun á Árshátíð grunnskólans þann 15. mars.

Ungfrú Sandgerðisskóli: Thelma Dögg 10. RÖJ

Herra Sandgerðisskóli: Guðni Magnús 10. ESG

Hár ársins: Helena Sirrý 9. ÞG

Bros ársins: Karen 10. RÖJ

Kroppur ársins: Guðni Magnús 10. ESG

EGÓ ársins: Sveinn Ingi 9. RG

Félagsvera ársins: Sigmar 8. SP

Dúlla ársins: Thelma 10. RÖJ

Frekja ársins: Katrín 8. ESG

Gúmmígella ársins: Guðbjörg 10. ESG

Gúmmígæi: Kjartan 10. RÖJ

Kynþokkafyllsta gellan: Ásta Rós 9. ÞG

Kynþokkafyllsti gæinn: Andrés 9. ÞG

Íþróttatíð ársins: Haddi 10. RÖJ

Fjörkálfur: Hjálmar 10. ESG

Hrakfallabálkur ársins: Hrafnhildur 9. ÞG

Athyglissjúkasta manneskjan: Binni 10. RÖJ

Hlátur ársins: Guðni 10. ESG

Vinsælasta manneskjan: Guðni 10. ESG

Furðulegasta manneskjan: Halldór 9. ÞG

Fatafrík ársins: Bergþóra 10. ESG

Gáfnaljós: Halldór 9. ÞG

Félagsskítur ársins: Ove 10. ESG

Leikari ársins: S. Hjálmar 10. ESG

Brandarakarl ársins: Ómar 10. ESG


Gátur

1. Hvað er það sem er gult og svart, situr uppí tré og er alveg stórhættulegt?
2. Hvaða hani galar ekki?
3. Hani situr á risi og verpir, hvorum megin fellur eggjöld?
4. Hvaða gras opnar allar dyr?
5. Hvaða mannanafn segir okkur, að sá sem það ber sé ekki ríkur?
6. Hvaða karlmannsnafn minnir okkur á grjót í sjónum?
7. Í hvaða bæjarnafni getum við baðað okkur í?

Sendið svörin til Svavars ritstjóra

Seglás
VEIÐARFÆRAGERÐ - VERSLUN - SEGLAGERÐ
Tjarnargötu 6 • Sandgerði • Sími 422 7928 • Fax 421 7928

VIDEONES




Ný og gömul spóla á 450 kr. Opnar kl.
18:30 til 23:30
Stafnesvegi 7 S: 423-7696

Orðabók Sverris Stormskers

| Orð | Ísl. þýðing | Orð | Íslensk |
|-------------|----------------|------------|---------------|
| Legsteinn | Eggjastokkur | Úrkoma | Sáðlát |
| Leitarsvæði | Klof | Skotthúfa | Smokkur |
| Ílát | Kona | Skrúfjárn | Víibrator |
| Írafár | Hryðjuverk IRA | Skyndibiti | Vændiskona |
| Útnári | Typpi | Smáborgari | Dvergur |
| Varamaður | Svertindi | Var-úlfur | Dauður úlfur |
| Villimaður | Villtur maður | Snekkjá | Kjaftakerling |

| Orð | Ísl. þýðing |
|-------------|--------------------------|
| Straujárn | Valtari |
| Surtsey | Negrahverfi |
| Svínahirðir | Kvæntur maður |
| Tepoki | Brjóst á herfu |
| Uppistunga | Limur |
| Öryrki | Maður sem yrkir hratt |
| Uppreisn | Standpína |



HÚSASHNIÐJAH

Viðtal við Helga Rafn

Nafn: Helgi Rafn Guðmundsson

Fæðingardagur/ár: Ég á svoleiðis, 2. desember 1986

Uppáhaldsmatur: Pizza

Uppáhalds drykkur: Malt og Appelsín, blandað saman

Fótboltalið: Liverpool

Íþrótt: Tae kwon do

Hljómsveit: Korn

Lag: Falling away from me

Leikari: Mel Gibson

Bíómynd: Matrix

Sjónvarpsþáttur: X-Files

Draumaprins/essa: Angela Jolie, (Páll Óskar)

Draumahús: Húsið hans Bill Gates

Draumabíll: Porche 911

Viltu segja eitthvað að lokum: Ég elska ykkur öll!

Ramó tekinn á teppið

Nafn: Ómar Ragnarsson

Fæðingardagur/ár: 1. mars 1985

Uppáhalds matur: Kjúklingur

Drykkur: Sprite

Fótboltalið: Liverpool

Íþrótt: Skák

Hljómsveit: Aqua

Lag: Captain Jack

Leikari: Leslie Nielsen og Trey Parker

Bíómynd: Austin Powers

Sjónvarpsþáttur: South Park

Draumaprins/essa: Britney Spears (tileinkað Rúnari)

Draumahús: Stórt og flott, með sundlaug og tölvum auðvitað

Draumabíll: Volkswagen Golf '88

Mottó: Mér er drullusama um allt, sem skiptir engu máli.

Viltu segja eitthvað að lokum: Tölvur rules

Kennaraskop

Egill: Ég er sko massaður!!!

Bergur: Ég fýla Harry Potter!!!!

Raggi: Ooooooooo Thelma!!!

Einar Sveinn: Raggi þú ert perri!!!

Elsa: Danir eru svo æðislegir!!!!

Pétur:Hvað er að ske ha?

Beggi:Mér finnst spítalamatur alveg ágætur!!!

Ágústa: Ég fer í bað og tannburtsa reglulega!!!

Elín: Munið að jörðin er 4.6 milljarða gömul!!!

Óli Þór: Þið sofið heima hjá ykkur,ekki í tímum hjá mér!!!!

Ragga: Bílnum mínum var stolið!!!!

Bagga: Ég er svo fyndin ha ha (NOT)

Sigurbjörg: Ég er á lífi!!!!!!

Þorbjörg: Börnin míن eru BEST!!!!

Svava: Ég tek alltaf þátt í kvennahlaupinu!!!!

Þórunn Magg: Beygja, kreppa, sundur, saman!!!!

Guðbjörg: KJARTAN haltu áfram að sópa!!!!!!

Þórunn Tryggva: Grjóthaldið kjafti!!!!

Vítinn

Hafnargötu 4
S:423-7755



Sandgerði

Víkurbraut 11
Sími 423-7410
Fax 423-7456

Ný verslun opnar bráðlega

Íþróttaslúður!!!

Íþróttatréttamenn hafa sagt margt vitlaust í gegnum tíðina og hér eru nokkur sýnishorn, en þessi listi gæti allt eins verið tíu blaðsíður.

Þeir fá hornspyrnu á hættulegum stað!!!!

.. gargandi snilld

.. og það er enginn afgangur af þessu

Þetta er skrítin uppstilling hjá þjálfaranum. Hann lætur byrjunarliðið byrja út af.

Gaupi: Liverpool - Middlesbrough: "Djö...og Middlesbrough skorar!"

Og nú hefst seinni hálfleikurinn allur!

"...eitt sinn var Gaupi að tala um Völu Flosadóttur en sagði óvart Flasa Voladóttir".

"Donadoni reyndi þarna slæma sendingu!

Það hefði verið flott ef það hefði heppnast

Þetta er glæsileg sending á Cole, en hann á ekki möguleika á að ná boltanum


Nicky Butt hefur löngum verið talinn furðulegur í framan...eins og allt lið Manchester United

hann skallar hann með höfðinu







og meiri Gaupi: "Ronald De Boer með boltann en hann er einmitt tvíburabróðir Frank De Boer, þeir eiga afmæli sama dag".

Bjarni Fel:

"Og leiknum verður sjónvarpað beint í sjónvarpinu".
"Skotið ríður af stað"
"Hann varð að fara af leikvelli í leikhléinu"
"Og hér er að hefjast leikur FH-inga og Hauka og það eru Hafnfirðingar sem byrja með boltann"
"bæði liðin eru einum færri"



Í ruglum eru fálin sömu orð og notuð voru í krossgáturni. Þau eru skrifð frum og aftur, upp og niður og á ská.



ADAM ILMA STAF LAUG ARNA
ORÐA SÍMI GAPA RÚTA BLÓT
TRAF GRÖF LÝSA BROS SOKK
FLAK LATA ARKA GRAS SJÓR

Fréttir úr Skýjaborg

13 03 2001

Heimasíða: [Http://www.sandgerdi.is/skyjaborg](http://www.sandgerdi.is/skyjaborg)


Sangerdisskoli

Para og vinakvöldið

Para og vinakvöldið var haldið föstudaginn 19 jan. Par kvöldsins var Hafsteinn og Gauja en Herra og Frú Skýjaborg voru Andrés Magnús og Tinna. Fyrst um kvöldið voru 6-7 bekkur sem voru frá 7-9 en eftir það komu 8-10 bekkur. Ballið heppnaðist mjög vel og komu mörg pör fram. En sumir komu einir og voru þau á lausu.

Náttfata Diskótekið

Náttfata luðu að
Diskótekið gista fóru
var haldið fös- að taka
tudaginn 9 fram
Feb. Flottstu svefnpo-
náttfötin átti kana, en
Auður í 8 þeir voru ekki allir vaktir kl
bekk. Ballinu notðir strax. 10 af honum
lauk kl 23.30. Mest allir fóru BINNA sem
Eftir það var að spila og er allgjör
Skýjaborg lo- hlusta á morgun hani.
kað og krak- tónlist. Næsta
karnir sem æt- morgun voru




Caption describing picture or graphic.

Samfés ballið.

Var haldið 2 mars fótum og Rotweller við íþróttahúsið hundarnir. Allar fé- Strandgötu. Margar lagsmiðstöð var hljómsveitir komu landsins söfnuðust fram svo sem Bot- saman í einu húsi og nleðja, Land & Synir, dönsuð eins og vill Buttercup, í svörtum tir hundar. Það komu margar skemmtiatriði svo sem sigurvegaranir í Samfés söng- keppninni og í Free- style keppninni. En ballinu lauk kl 23.30 og allir héldu heim á


þrautir

8. 100 stig í fimm köstum



Viltu koma í kastkeppni með fimm boltum? Reyndu þá að kasta þeim í 5 mismunandi dýrakjafta og leggja síðan saman stigin þín. Ef þú færð nákvæmlega 100 stig hefurðu hitt upp í réttu dýrin. Eg veit vel að það er hægt að fá 100 stig með því að kasta bara fjórum sinnum, en það má ekki. Þú verður að nota alla boltana fimin.


16



15. Finndu litla orðið

ár
koli
bekkur
ey
kerfi
skríkja

Í staðinn syrit punktana á að koma þriggja staða orð sem hægt er að bæta framan við öll orðin sex sem þarna standa, þannig að við það myndist sex ný orð.



stjörnuspá

Steingein: 23. des.- 22. jan.

Þú munt klifra hátt í kvöld og þess vegna verður þú að vera í góðum skóm og sætum nærbuxum. Þvoðu nú af þér svitafyluna! Gæfan mun verða þér hliðholl klukkan 9:35 og þá skaltu skella á þig ilmefnum og brosa út í bæði. Passaðu þig á ljónunum.

Vatnsberinn: 23. jan.- 22. febr.

Þú verður glæsileg/ur í kvöld og færð engan frið fyrir hinu kyninu. Blátt er þinn litur. Örlög þín ráðast klukkan 11 - þá muntu velja milli tveggja sem báðir/báðar eru jafn ljótir/ljótar. Og farðu varlega, því að annar/önnur er líka sadisti. Vertu í góðum skóm svo þú getir flúið.

Fiskurinn: 23. febr.- 22 mars

Syntu hægt um gleðinnar dyr. Hákarlar munu sitja um þig í kvöld og gera þér lífið leitt. En inn á milli munu hafmeyjar sveima um og vernda þig. Passaðu að flækjast ekki í hárinu á þeim. Fiskum þykja krabbar girnilegir og þeir verða sérlega freistandi í kvöld. Passaðu þig á klónum þeirra.

Hrúturinn: 23. mar – 22. apríl

Kvöldið gæti misheppnast rosalega ef þú ferð ekki varlega. Passaðu að taka ekki mikið af hægri beygjum og þú mátt alls ekki svitna mikið. Vertu í rauðum nærbuxum, það dregur að flottstu nautin. Biddu hljómsveitina um að leyfa þér að syngja í mikrafóninn. Kannski slærðu í gegn!

Naut: 23. apríl – 22. maí

Passaðu þig á kúariðu-gæjunum/gellunum og hættu að glápa á allt eins og naut á nývirki. Ef þú setur á þig glimmer gæturðu átt einhvern sjens í kvöld. Draumaprinsinn/prinessan birtist klukkan 9:30 og þú þekkir hana/hann á grænum sjálflýsandi skónum. Vertu kúl og bjóddu henni/honum í nautasteik á Vitanum.

Tvíburinn: 22. maí – 23. júní

Happatalan þín í kvöld er 9 og liturinn fjólublár. Þú gætir hitt hinn helminginn af þér, sko hinna einu sönnu ást. En ef mamma þín kemur á ballið skaltu bara bjóða henni upp. Hoppaðu mikið þegar þú dansar og öskraðu hátt og þá mun mamma hverfa eins og dögg fyrir sólu en hin eina sanna ást koma og stökkva á þig.

Krabbinn: 23. júní – 22. júlí

Þú munt hitta sætan fisk í kvöld. Sýndu nú ekki of mikla græðgi og þá mun gæfan verða með þér. Þú þarf ekki alltaf að reyna að vera sniðug/ur, stundum er best þegja og leyfa rómantíkinni að komast að. Happatalan þín er 3 og 8 og litur blár. Ekki nota of mikið ilmvatn og ekki éta úr nefinu á þér!

Ljónið: 23. júlí – 22. ágúst

Ekki stökkva á allt og alla með öskrum og látum, þó að þú sért ljón. Taktu ljónsmakkann þinn og settu hann í tagl, dragðu inn klærnar og malaðu í eyrað á þeim sem þú dansar við. Hið mjúka ljón, það ert þú og engin/n er flottari, sérstaklega ef þú plokkar af þér veiðihárin.

Meyjan: 23. ágúst – 22. sept.

Meyjan er svooo smámunasöm. Þú verður að taka þér tak í kvöld. Ef þú ert stöðugt að telja bólurnar á þeim sem þú dansar við endar það bara með kjaftshöggi. Taktu með þér beiskan brjóstsykur eða Ópal, það minnkar andfýluna. Happatalan þín og 8 og litur bleikur.

Vogin: 23. sept. – 22. okt.

Vogin veit aldrei hvað hún vill. Ef þú sérð einhvern í svörtum fötum þá skaltu stökkva strax á hann/hana, því að þetta er þitt tækifæri. Ekki drekka of mikið svo þú pissir ekki á þig. Vertu með blóm í hárinu. Happatalan þín er 1.000.000 og litur svartur.

Sporðrekinn: 23. okt.- 22. nóv.

Sporðrekinn getur verið baneitraður. Farðu varlega þegar þú berð þig eftir hinu kyninu svo þú kálir því ekki samstundis. Bíttu laust, það er öruggara. Vertu í bleikum sokkum með blúndu og helst í hvítum skóm og þá mun þér farnast vel.

Bogamaður: 23. nóv.- 22. des.

Lokaðu nú munninum svona til tilbreytingar svo þú gleypir ekki allt og alla í kringum þig. Hafðu hárið hátt og flott, notaðu mikið hársprey. Ef þú sérð einhvern í bol með gulum broskörlum þá er það merki um að hætta sé á ferðum. Vertu ekki huglaus. Bíttu á jaxlinn. Farðu út á gólf og dansaðu úr þér hræðsluna.

Klámblöðin og Jarðskjálftinn

Undir rúmi liggja þau eins og íspinni sem eftir að vera étinn.

Þegar líður að kveldi styttist tíminn að íspinninn fær frískt loft og einhver fer að skða hann.

Loks líður að því að drengurinn dregur skúffuna út og tekur upp blöðin og opnar....Oh...hjartað hjartað fer upp í draumaheiminn og svo byrja lætin það kemur jarðskjálfti fyrir neðan mitti.

Þegar jarðskjálftanum líkur kemur eldgos, og honum finnst hann vera kominn til himna.

Höf: Bergþóra Hallbjörnsdóttir

Svör við gátum

- | | |
|-------------------------|---------------|
| 1. Banani með vélbyssu. | 5. Eiríkur |
| 2. Monnthani. | 6. Katli. |
| 3. Hanar verpa ekki. | 7. Hafsteinn. |
| 4. Lásagras. | |

Stærðfræðikeppni

Þann 3. mars var haldin í Fjölbautarskóla Suðurnesja stærðfræði keppni grunnskólanna á suðurnesjum. Kept var í 8. bekk, 9.bekk og 10.bekk. Átta manns kepptu fyrir hönd Sandgerði. Við verðlaunaafhendingu þann 11.mars kom í ljós að í 1.sæti í 9.bekk lenti Halldór Berg og í 2.sæti fyrir 10.bekk var Bergþóra

Heimasíða Skýjaborgar Nýlega var stofnuð heimsíða fyrir félagsmiðstöð unglings í Sandgerði Skýjaborg. Slóðin á heimasíðuna er:www.sandgerdi.is/skyjaborg eða www.skyjaborg.cjb.net

Brandarar

- Komdu þér upp úr sjónum, það er bannað að synda hérna!
- En löggregluþjónn, ég er ekki að synda, ég er að drukkna.
- Nú jæja, þá er allt í lagi.

Læknirinn: Hver er næstur?

Hjúkrunarkonan: Maður með golfkúlu fasta í hálsinum.

Læknirinn: En hver er þessi órólegi sem gengur um golf í biðstofunni?


Hjúkrunarkonan: Annar golfleikari. Hann er að bíða eftir golfkúlunni sinni.

Maður nokkur fór til læknis og kvartaði um magaverk. Læknirinn skoðaði hann og sagði honum að koma aftur eftir viku með sýni af saur. Að viku liðinni kom maðurinn til læknisins með fulla fötu af saur. Læknirinn sagði að það hefði verið óþarfi að koma með svona mikið, hann hafði nú aðeins þurft að fá sýni.

- Jæja, þú hefðir nú getað sagt það strax, sagði maðurinn, því að þú hefðir átt að heyra hvað fólkidí í strætó sagði.

Siggi hafði gaman af að dorga í gegnum ís og útbjó sig í eina slíka ferð. Þegar hann var kominn á staðinn hjó hann gat á ísinn og renndi færinu niður. Hann hafði aðeins setið skamma stund þegar hann heyrði rödd segja: Það er enginn fiskur undir ísnum. Siggi leit í kringum sig en sá ekki nokkurn mann og hélt áfram að dorga. Þá heyrði hann aftur sömu rödd sem sagði strangri röddu: Það ER enginn fiskur undir ísnum. Siggi hrökk í kút, skelfingu lostinn, því að hvergi var nokkra sálu að sjá, og spurði með skjálfandi röddu:

- Er það Guð sem talar?
- Nei, það er forstjóri Skautahallarinnar




HITAWEITA SUÐURNESJA

Ljóskan kom inn í raftækjaverlun:

- Ég ætla að fá þetta sjónvarp.
- Við afgreiðum ekki ljóskur í þessari búð, sagði þá afgreiðslumaðurinn. En ljóskan dó ekki ráðalaus. Hún fór á næstu hárgreiðslustofu og lét raka af sér allt hárið. Svo fór hún aftur í raftækjavarslunina.
- Ég ætla að fá þetta sjónvarp.
- Ég var búinn að segja þér að við afgreiðum ekki ljóskur hér, sagði afgreiðslumaðurinn pirraður.
- En hvernig veistu að ég er ljóska?
- Ég veit það af því að þetta sem þú heldur að sé sjónvarp er ekki sjónvarp heldur örbylgjuofn.

Hver er munurinn á Spice Girls myndinni og klámmynum?
Það er betri tónlist í klámmynum.

Gosi vildi breyta til og tók saman við konu. Ekki var langt um liðið er Gosi fór til fundar við trésmiðinn og hann ráða sér heilt í vandræðum sínum. "Konan kvartar sáran undan flísum úr mér, hvað er til ráða?" Trésmiður taldi málið einfalt viðureignar og rétti Gosa örк af fínum sandpappír. Nokkru síðar hittast þeir félagar á fornnum vegi og trésmiður sprýr hvernig gangi. "Fínt" segir Gosi. "Konan er þá hætt að kvarta", segir smiður. "Konan!" svaraði Gosi, "mér líkaði svo vel við sandpappírinn að ég lét bara konuna róa."



Betri banki

Suðurgötu 2-4
Sími:423-7800

Landsbankinn



Tryggingamiðstöðin HF

Einu sinni var Hafnfirskur ví sindamaður að gera eldflaug til að senda til sólarinnar. Þegar annar ví sindamaður gekk framhjá sagði hann: Þú getur ekki sent þetta til sólarinnar, það brennur til agna í hitanum.

-Djöfull geturðu verið vitlaus. sagði Hafnfirðingurinn.- ég sendi hana auðvitað um nóttu.

Jóhann forstjóri kom afskaplega þreyttur heim og sagði við konuna að hann hafi aldrei áður orðið eins þreyttur í vinnunni. Konan vildi vita hvað Jóhann hefði gert sem reyndi svona á hann. Jóhann svaraði: „Tölvan bilaði og ég þurfti að hugsa sjálfur.“

Smásaga

Slysið

eftir Nínu 10.RÖJ

Einu sinni var stelpa sem hét Sigga. Hún átti að vera í tíma hjá Einari Sveini en hún skrópaði og fór til Keflavíkur og heimsótti kærastann sinn í vinnuna.

En henni leiddist svo að hanga þarna ein svo hún fór bara á rúntinn á bílnum hans. Hún rúntaði um alla Keflavík í 1. gír, en skrapp svo til Sandgerðis að ná í vinkonu sína hana Maríu. Þær rúntuðu saman í Sandgerði og náðu í Ósk, vinkonu sína. Og enn rúntuðu þær.


Svo langaði þær að fara til Keflavíkur og skiluðu Ósk því hún vildi ekki fara með þeim þangað. Sigga og María fóru þá saman í Kefló en á leiðinni gerðist dálindið;

Sigga var bílstjórinn og keyrði allt of hratt á veginum og beint aftan á næsta bíl og langt langt út í móa. Þær slösuðust ekki neitt en sjúkrabíllinn kom að ná í þær.

Kærasti Siggu var sár yfir að missa bílinn því hann var nýbúinn að vera í viðgerð sem kostaði 35.000.

Allir eru heilir í dag og eru enn að skemmta sér.

MAMMA MÍA



P · I · Z · Z · U · H · Ú · S

Tilboð

Alla virka daga á 12" pizzu
með tveimur
áleggstegundunum og hálfur
lítri af kók á aðeins 890kr.

Opnunartími

Mán-fim 17-22

Fös.-lau. 11:30-23:30

Sun 11:30-22

Allir knattspyrnuleikir sýndir
á stóru breiðtjaldi!

Framtíðarsýn 10.bekkinga

Anton B. Kristinsson: Hann mun verða uppreisnarmaður í þýskalandi og mun verða nefndur Anton Hitler Hann mun leggja undir sig mörg lönd rétt eins og fyrirmynnd hans Hitler gerði.

Ásmundur Ove Johnnesen: Hann mun verða heimsfrægur „breikari”, og mun koma fram í myndböndum hjá tónlistarmönum eins og Backstreet Boys og Aqua.

Ástvaldur R Matthíasson: Mun verða vistmaður á Kleppi eftir að hafa haldið því fram að geimverur tortími jörðinni árið 2020. Hann mun kvænast fjórum sinnum, en öll hjónaböndin enda með skilnaði.

Bergey Erna Sigurðardóttir: Hún mun verða aðal kvendið í stjórmálunum. Hún mun taka við af Jóhönnu í Samfylkingunni og slá nýtt ræðumet á Alþingi (röflmet)

Bergþóra Hallbjörnsdóttir: Mun stofna sína eigin tískuvöruverslun, en hún mun framleiða öll fötin sjálf. Hún mun verða mikið í skóla, en aldrei klára stútentinn, vegna þess að hún mun ekki geta ákveðið sig hvað hún vill gera.

Bjarni Sigurðsson: Mun verða náttúrulækningamaður og lækna marga menn af krabbameini og öðrum slíkum sjúkdómum. Hann mun kvænast einu sinni og eignast þrettán börn.

Bragi Jónsson: Mun verða einstæður bóndi á friðsælum stað á Englandi, með geitur og svín. Og öllum frítínum mun hann eyða í hænsnakofanum.

Brynjar Mar Lárusson: Hann mun verða leikfangasmíður til þritugsaldurs þá býðst honum starf sem forstjóri hins nýja legolands í Tælandi, og þar mun hann finna stóru ástini sína sem er tælensk.

Elís G Ásvaldsson: Hann mun hætta í skóla og leggjast í leti þangað til hann verður 25 ára þá fer hann í fjarnám í Kennaraháskólanum og útskrifast á einu og hálfu ári. Svo gerist hann dönskukennari í Verzlunarskóla Íslands.

Eydís Sigurðardóttir: Hún mun gerast forstöðumaður á Geysi en hún mun ekki endast þar lengi og fer að vinna í ÁTVR og verður þar til dauðadags. Hún mun giftast einu sinni og eignast 2 börn.

Guðbjörg Reynisdóttir: Hún mun hætta strax í skóla og fara að starfa í Kaupféluginu þangað til hún kynnist frægum eplabónða úr Hveragerði. Þau stofna saman bú og eignast 8 börn og lifa hamingjusöm til æviloka.

Guðni M Haraldsson: Hann mun verða næsti forseti Íslendinga þegar hann tekur við af Ólafi Ragnari Grímssyni. Hann mun verða yngsti forseti okkar og mun standa sig mjög vel í embætti.

Hafsteinn Helgason: Hann mun fara beint í dansskóla í Bandaríkjunum og verður hann þar í þrjú ár. Svo kemur hann heim og stofnar sinn eigin skóla sem mun ganga undir nafninu La Primavera!!!!!!!!!!!!!!

Hafþór Ö. Gunnlaugsson: Hann mun kaupa eyju einhversstaðar lengst út á hafi þar sem enginn má koma nema hann og hundarnir hans 1013.

Haukur S. Hauksson: Hann mun verða togarajaxl á Rússadollu þangað til hann og pabbi hans ákveða að kaupa sér litla trillu saman og taka lífinu með ró. Hann mun aldrei flytja frá mömmu sinni og pabba.

Hjálmar Benónýsson: Hann fær aldrei vinnu við neitt og ákveður því að gerast skópuðsari í Kringlunni. Hann mun fá á sig gott orð og því býðst honum staða sem skópuðsari hjá Liverpool.

Jón Þ Ragnarsson: Hann mun stofna kristilegan trúarsöfnuð og mun fara um allan heim sem trúboði og hjálpa fólki að taka þessa nýju trú.

Karen E Ingvadóttir: Hún mun ekki geta séð að sér sem kennarasleikja og gerist því kennari svo hún geti haldið áfram að sleikja upp kennara. Eins og flestir aðrir kennrarar er hún ósatt við launin og starfar því í aukavinnu í sunnudagaskólanum.

Kjartan Dagsson: Hann mun taka við af pabba sínum sem rollubóndi og mun taka verkefnið mjög nærrí sér. Og á endanum þarf hann að hætta sem rollubóndi ☺ ☺

Kristján Þ. Guðjónsson: Hann mun verða einkakennari í spinning og það verður alltaf fullt af fólki í tíma og hann mun efnast mjög vel á því. Frítímanum mun hann eyða með sinni heittelskuðu Hildi.

Nína Ósk Krsitinsdóttir: Hún og Mummi munu bæði hætta í fótbalta og munu flytja til Reykjavíkur og starfa sem rithöfundar en munu gefast upp og leita aftur á heimaslöðir.

Nökkvi Þór Kamprasis: Nökkvi mun stofna veitingastað og mun ná sér í Miss World. Þau munu elda í 20 skemmtileg ár og eignast 5 börn.

Ómar Ragnarsson: Mun kaupa 75 % í OZ og hagnast mjög á því. Hann mun verða einn eftirsóttasti piparsveinn landsins?

Og á endanum mun hann deyja úr leiðindum.

Rúnar Örn Sævarsson: Hann mun ná þvílíkum árangri í golfi og mun einn góðan veðurdag spila með Tiger Woods og verða þeir bestu vinir.

Sigurður Mariasson: Mun verða fréttamaður á RÚV og verða besti vinur Ómars og munu þeir eyða ævinni saman í glæsihöllinni hans Ómars. Siggi mun eignast 2 börn með tveimur konum

Silja Haraldsdóttir: Mun aldrei fá bílþrófið og vegna þess þarf hann Davíð að skutla henni allt því hún mun verða svo löt. Hún mun verða símamær hjá símaskránni; nice job ☺

Svavar Grétarsson: Svabbi mun verða sallarólegur maður, vinna við öryggisgæslu í Sorpu og mun stunda golf í frítímanum. Hann mun eignast 3 börn og eiga í erfiðum skilnaði á endanum.

Sævar Már Gunnarsson: Mun verða frægur torfærukarl og mun fræða heiminn um torfæruna en án árangurs. Því fer hann til Tyrklands og eignast þar 13 börn og verður hamingjusamur til æviloka.

Thelma Dögg Þorvaldsóttir: Mun þurfa að vinna á Vegas því hún er svo dýr í rekstri. Henni verður boðið að sitja fyrir hjá Playboy en mun neita því. Hún mun eignast frábæran mann en hann getur ekki eignast börn. ☺

Þór Ríkharðsson: Hann verður lagður inn á Klepp út af símanum sínum því hann mun aldrei eiga innistæðu. En því miður losnar hann aldrei þaðan.



Þórunn María Ríkharðsdóttir: Mun flytja til Færeyja með Svenna. Hann verður frægur knattspyrnumaður og munu þau ekki lenda í neinum vandamálum. Þau eignast 4 börn.

Brandarar

Hvað er líkt með ljósku og Benz ???

Þú lánar ekki Benzinn.. :)

Hvað þarfdu margar ljóskur til að búa til súkkulaðibitakökur ???

Tíu.. eina til að hnoða degið.. níu til að skræla m&m!!!

Hvernig drekkir þú ljósku ???

Lætur spegil í botninn á baðinu.!!!

Hvað segir kærasti ljóskunar við ljóskuna þegar hún er ekki í stuði og

segir NEI!!!

Hérna ástin fáðu þér annan björ..

Hvert er mökunarkall ljósku ???

OHHH!!! ég er svoooooooo full !!!!

Afláttarmiði fyrir
Bogga Bar

10% afsláttur af
öllum mat

Afhverju eru Austurlandarmenn svona klárir???


Engnar ljóskur !!!

Afhverju eru ljóskubrandrar svona stuttir ???



Til þess að karlmenn skilji þá !!!

Söluumboð HEKLU á Reykjanesi


Sími: 420 5000



- í forystu á nýrri öld!



Audi



GALLOPER



MITSUBISHI
- Semihundar í meðfrið

viðtal við söngvara hljómsveitarinnar Spútnik

Við í blaðanefnd vorum svo heppin að fá viðtal við Kristján Gíslason söngvara sem fer fyrir Íslands hönd í Evrovision og auk þess er hann söngvari hljómsveitarinnar Spútnik sem verður einmitt á árshátiðinni okkar. JIBBÍ!

Hver eru þín áhugamál?

Tónlist, fótbolti og ég held með Grimsby Town en Herta Berlín í þýsku deildinni. Mágur minn Eyjólfur Sverrison spilar með þeim.

Hverjir skipa hljómsveitina Spútnik?

Ég (Kristján), Kristinn á hljómborð, Ingólfur á trommur, Bjarni Halldór á gítar og svo er það Kristinn Gallager.

Er Spútnik þín fyrsta hljómsveit?

Nei. Ég var í unglingsveit fyrir norðan sem hét Bad Boys þegar ég var 13 ára. Svo var það Herramenn, Hljómsveit Gunnars Þórðarsonar og svo er ég búinn að vera í sýningum á Hótel Íslandi svo sem ABBA og Bee Gees.

Hvar og hvenær var Spútnik stofnuð?

Í Reykjavík fyrir um 2 árum. Hljómsveitin er búin að fara í gegnum margar mannabreytingar. Núna fyrst erum við byrjaðir að spila á fullu, eða fyrir um 6 mánuðum.

Hvernig voru fyrstu tónleikar ykkar?

Þeir voru á Gauk á Stöng og voru vel sóttir og mjög skemmtilegir. Við spiluðum það sem við vildum svo sem Pink Floyd.

Áttu einhverja fyrimynd í tónlistarbransanum?

Nei ég held ekki, ég reyni að miða mig frá héðan og þaðan.

Hvernig tónlist hlustar þú á?

Allt milli himins og jarðar. Nýju rokkböndin svo sem Limp Bizkit en ég hlusta líka mjög mikið á Creed. Svo eru fín bönd sem koma með eitt og eitt lag. Íslenska tónlistin er alveg ágæt og strákarnir í Sóldögg eru vandaðastir í sínu fagi.

Hafið þið samið einhver lög sjálfir?

Já, já fullt af þeim en við höfum bara gefið út eitt lag. Það er jólalag og heitir skilaboð til jólanna.

Hvernig er það að fara fyrir Íslands hönd í Evrovison?

Það er mikill heiður fyrir mig og ég er mjög spenntur. Það verða um 38.000 manns í sal.

Hvort finnst þér að eigi að syngja lagið Birta á ensku eða íslensku?
Á ensku alveg hiklaust, annars væri það eins og að senda íslenska landsliðið í handbolta í sauðskinnsskóm til útlanda.

Er einhver plata í bígerð hjá ykkur?

Nei, en það verður þó vonandi fljótlega.

Hverjar eru framtíðarhorfur Spútnik?

Það er bara að spila sem mest og koma út plötum.

Við hverju megum við búast við á árshátíðinni?

Ég lofa ykkur miklu fjöri allan tímann.

Viltu segja eitthvað að lokum við krakkana í Sandgerði?

Já, ég þakka þeim sem voru svo góð að styðja lagið Birtu! Þið eigið ekki skólahljómsveit, drífið í því að stofna hana, af því að það er mjög gaman og það lyftir upp félagslífina. Sjáumst á árshátíðinni. Takk fyrir.



Viðtal við Jón Knarr

Hvert er þitt fulla nafn: Jón Knarr hamstur.

Stutt lýsing á sjálfum þér: Actionman úlfaveiðari

Hver eru þín áhugamál: Að tala við sjálfann mig og syngja í sturtu.

Hvernig líkar þér við samstarfsaðila þinn, hann Sigurjón Kjartanson: Ef ég er Actionman úlfaveiðari, þá er Sigurjón Barbiedúkkan Ken

Hver eru framtíðarplön fyrir þáttinn, Fóstbræður: Að breyta þáttinum í melódískan og dramatíska þáttasýrpu um líf systkinna í úthverfi Dallas.

Hvernig fannst að hafa þína eigin leiksýningu: Svona upp og niður

Líkar þér virkilega svona illa við kindur eins og kemur fram í leiksýnigu þinni: Orðum þetta svona: ef ég og ein kind væru einu lífverurnar eftir á jörðinni myndi ég láta mig hverfa eins og allar hinrar lífverurnar.

Hvaða alit hefur þú á Ding Dong: Ég kenndi þeim allt sem þeir kunna, og er því stoltur af þeim.

Hvað tekur langan tíma að gera einn Fóstbræðrapátt: Sex mánuði.

Varstu í alvöru svona mikið nörd á þínnum yngri árum: Nei, ég var aðal kóngurinn(hjá nördunum).

Hvað kom þér út í grínistabransann: Pabbi minn hrinti mér.

Horfir þú á fréttir: já ef gúrkurnar eru nógu þroskaðar.

Hver er uppáhalds sjónvarpsþátturinn þinn: Mattlock

Viltu segja eitthvað að lokum við krakkan í Sandgerði: Verið þæg og stillt og passið ykkur á bílunum.

Við viljum þakka eftirtöldum
fyrirtækjum fyrir stuðninginn

Skinnfiskur

Baðstofa Nínu

Takk kærlega

Hvernig fannst þér blaðið? Var það ekki
frábært, jú við vissum það að það væri
frábært, enda bjuggum við það til!!!

Kveðja, blaðanefnd !!!

BOGGABAR KEFLAVÍK

Hamborgarar

Pítur

Steikur

Fiskifingur

Samlokur

Pylsur

Franskur

Ostastangir

Naggar

Laukhringir

Og margt fleira

*Alltaf einhver
tilboð í gangi*



Afsláttar-
miði er inn
í blaðinu



Bogga Bar
Víkurbraut 21
Keflavík
S: 421-5051